

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir kattahald í Akureyrarbæ, nr. 1517/2020.

1. gr.

Í 3. gr. gjaldskrárinnar kemur nýtt ákvæði í stað núgildandi ákvæðis sem orðast svo:

Handsömunargjald og daggjald.

Gjald vegna handsömunar skráðs kattar greiðist við afhendingu kr. 15.000.

Gjald vegna handsömunar óskráðs kattar greiðist við afhendingu kr. 45.000.

Umsýslugjald vegna óskráðra katta greiðist við hverja umsýslu kr. 45.000.

Að auki skal greiða daggjald kr. 3.850, fyrir hvern heilan dag, fyrir þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi kattar, þ.m.t. útkall starfsmanns, fóðrun og auglýsingar. Óskráða ketti má ekki afhenda fyrir en að lokinni skráningu.

2. gr.

Auglýsing þessi um breytingu á gjaldskránni öðlast gildi við birtingu.

Samþykkt í bæjarstjórn Akureyrarbæjar 6. desember 2022.

F.h. Akureyrarbæjar, 9. desember 2022,

Inga Þöll Þórgnýsdóttir bæjarlögmaður/persónuverndarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 23. desember 2022